



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Reykjavík, 13. ágúst 2007

Menntamálaráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Efni: Viðbrögð Háskólans í Reykjavík við skýrslu sérfræðinganefndar um viðurkenningu á fræðasviði verk- og tæknivísinda

Fyrir hönd Háskólans í Reykjavík vil ég þakka sérfræðinganefndinni á fræðasviði verk- og tæknivísinda fyrir vönduð vinnubrögð og góðar ábendingar. Ég vil einnig þakka menntamálaráðherra fyrir þetta tækifæri til að koma viðbrögðum skólans á framfæri, og fyrir þá framsýni sem ráðuneytið hefur sýnt við uppbyggingu háskólanáms á Íslandi, bæði með nýjum háskólalögum og ekki síst þeirri ákvörðun að fá erlenda sérfræðinga til að taka út nám við íslenska háskóla.

Háskólinn í Reykjavík er almennt mjög ánægður með það sem kemur fram í innihaldi skýrslunnar. Þær örfáu athugasemdir sem við höfum fram að færa í viðauka þessa bréfs (Viðauki 2) eru ekki stórvægilegar, heldur leiðréttingar á fáeinum atriðum sem annars gætu verið misvísandi fyrir lesendur skýrslunnar í framtíðinni.

Í meginviðauka þessa bréfs (Viðauki 1) höfum við tekið saman helstu ábendingar sérfræðinganefndarinnar, og lýsum í stuttu máli fyrirhuguðum aðgerðum skólans í hverji atriði. Niðurstöður og ábendingar nefndarinnar styrkja okkur í að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og við munum nýta þær í stefnumörkun okkar til framtíðar.

Niðurstöður nefndarinnar sýna ljóslega að þó Háskólinn í Reykjavík sé enn ungur skóli og í örum vexti, þá er hann vel í stakk búinn til menntunar á sviðum verk- og tæknivísinda. Ábendingar nefndarinnar sýna einnig nauðsyn þess að halda áfram uppbyggingu rannsókna og fræðastarfs við skólann. Háskólinn í Reykjavík er tilbúinn til að takast á við það verkefni, og treystir á að ríki og atvinnulíf leggi hönd á plóginn, með því að tryggja það fjármagn sem til þarf. Það er von Háskólans í Reykjavík að fjárveitingar til háskólarannsókna verði í framtíðinni veittar í mestum mæli á samkeppnisgrundvelli, svo tryggt sé að þeim fjármunum sé varið á bestan hátt.

Virðingarfyllt,



Dr. Svafa Grönfeldt

Rektor Háskólans í Reykjavík



Viðauki 1. Viðbrögð við niðurstöðum og ábendingum

Eins og fram kemur í bréfi rektors, þá er Háskólinn í Reykjavík sammála þeim niðurstöðum og ábendingum sem fram koma í samantekt („Summary of Findings“) sérfræðinganefndar um viðurkenningu á fræðasviði verk- og tæknivísinda dags. 15. júní 2007. Viljum við því þakka nefndinni fyrir gagnlegar og markvissar athugasemdir, og koma því á framfæri hvernig skólinn hyggst bregðast við ábendingum þeirra.

Í skýrslunni er réttilega bent á nauðsyn þess að vísindamenn skólans taki virkan þátt í ákvarðanatöku, og mælir nefndin með því að stofnað verði Vísindaráð (Academic Senate) innan skólans. Háskólinn í Reykjavík hefur nú þegar stofnað *Vísindaráð* sem skipað er formönnum rannsóknarráða deilda, auk formanns skipuðum af rektor. Hlutverk ráðsins að móta stefnu skólans í rannsóknum og vera rektor til ráðgjafar í þeim málum sem lúta að rannsóknum en heyra ekki undir einstakar deildir. Formaður Vísindaráðs situr einnig í framkvæmdastjórn skólans.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar er réttilega bent á nauðsyn þess að HR leiti samvinnu við reyndari háskóla við uppbyggingu doktorsnáms. Háskólinn í Reykjavík hefur sótt um leyfi til að útskrifa doktora í tölvunarfræði, og er sú umsókn til umsagnar hjá Menntamálaráðuneytinu. Við erum sammála ábendingu nefndarinnar um samvinnu við reyndari skóla og vísun til umsóknarinnar að því er varðar áform um slíkt samstarf.

Rannsóknir við HR eru í örri uppbyggingu en mikið verk er enn framundan, eins og réttilega kemur fram í skýrslu sérfræðinganefndarinnar. Samvinna við atvinnulífið á sviði rannsókna er einn liður í þeirri uppbyggingu, og er samstarf á því sviði þegar nú þegar töluvert mikið, með þáttöku fyrirtækja í rannsóknarverkefnum, bæði tæknilega og fjárhagslega. Slíkt samvinna minnkar þó ekki þörf á opinberu rannsóknarfé, enda gegna opinberar fjárveitingar öðru hlutverki og eru forsenda fyrir grunnrannsóknir og langtíma verkefni.

Sérfræðinganefndin bendir réttilega á nauðsyn þess að nemendur og rannsóknarstarfsmenn HR heimsæki erlenda háskóla og að erlendir nemendur og háskólastarfsmenn komi til HR. Skipti á nemum og rannsóknarfólki milli HR og erlendra háskóla hafa aukist á hverju ári frá stofnun HR og er stefnt á að auka slík skipti verulega í framtíðinni. Til að styrkja það starf, verður Alþjóðaskrifstofa HR nú í haust gerð að sjálfstæðri einingu innan skólans, og í stefnumótun skólans er lögð mikið áhersla á uppbyggingu alþjóðlegs háskóla.

Í skýrslunni er mælt með að Háskólinn í Reykjavík þróa áfram tengsl og samstarf við aðra háskóla á sviðum rannsókna og kennslu. Þetta er vel athugað og HR stefnir að því að efla verulega slíkt samstarf í framtíðinni. Í dag eru þegar til nokkur rannsóknarsetur sem rekin eru í samvinnu við aðra háskóla. Má nefna Tungutækni-setur, Orkuskóla og rannsóknarsetur um fræðilega tölvunarfræði. En nauðsynlegt er að stóruka slíkt samstarf og það á sér í lagi við um samstarf á sviði kennslu, bæði í grunnnámi og í framhaldsnámi.

Sérfræðinganefndin spyr hvort það sé virkilega nauðsynlegt að hafa jafnmargar brautir og nú er boðið upp á við Tækni- og Verkfræðideild. Þetta er góð athugað og er nokkuð sem er þegar í skoðun innan HR. Hafin er vinna við samþættingu náms innan deildarinnar sem mun leiða til fækkunar á sjálfstæðum námsbrautum en um leið auka svigrúm nemenda til að velja áherslur innan námsbrauta.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Þó ber að hafa í huga að í dag eru um 25 nemar eru að meðaltali á hverri braut á hverju ári, en ekki 15 eins og segir í skýrslunni, svo hver braut er ekki jafn lítil og skýrslan gefur til kynna.

Í ábendingum sérfræðinganevndar kemur fram að starfsemi skólanna tveggja sem sameinuðust 2005 hefur ekki verið fyllilega samræmd ennþá. Það er hárrétt, enda taka sameiningar fyrirtækja og stofnana alltaf töluverðan tíma. Starfsmenn og stjórnendur Háskólans í Reykjavík eru meðvitaður um stöðu sameiningarinnar og þau verkefni sem framundan eru. Ný stefna Háskólans í Reykjavík hefur nú verið samþykkt af öllum deildum skólans og verður því undirstaða samþættrar starfsemi skólans í framtíðinni. Ný bygging HR mun einnig styrkja sameiningu, en með henni kemst öll starfsemi skólans á einn stað.

Nefndin bendir á mikilvægi kennslu á fræðilegum sviðum tölvunarfræði og að hætta sé á því að sérþekking innan HR á þeim sviðum geti veikst verulega ef starfsfólk fer frá skólanum. Þetta er góð ábending. Háskólinn í Reykjavík býr að því að hafa sérfræðinga á heimsmælikvarða í tölvunarfræði, þrátt fyrir smæð skólans og landsins. Skólinn er því í stöðugri samkeppni við atvinnulíf og erlenda háskóla um starfsmenn sína. Því er nauðsynlegt að skólinn búi vel að sínum starfsmönnum og tryggi að þeir hafi sambærileg tækifæri og aðstöðu til að stunda sín störf og þeir hefðu við aðrar stofnanir. Til að styrkja stöðu sína í samkeppni um sérfræðinga hefur HR nýlega samþykkt nýja mannauðsstefnu og nýja rannsóknarstefnu.

Hætta á einangrun, nokkuð sem nefndin bendir á í skýrslunni, er ein af meginþráttum þeirrar alþjóðlegu áherslu sem fram hefur verið sett í nýrri stefnu Háskólans í Reykjavík. Nauðsynlegt er að fá erlenda prófessora og sérfræðinga til HR, og að senda starfsfólk og nemendur skólans til erlendra háskóla. Þetta er sérstaklega mikilvægt í tengslum við doktorsnám, eins og segir í skýrslunni, og í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að erlendir nemendur sækji í doktorsnám við skólann.

Skýrsla nefndarinnar bendir réttilega á skort á rannsóknarstofum. Ný bygging HR mun gjörbylta rannsóknaraðstöðu Tækni- og Verkfræðideildar, enda verða þar sérstaklega útbúnar rannsóknarstofur fyrir tölvunarfræði og verkfræði.

Gott bókasafn og greiður aðgangur að upplýsingum er lykilatriði í starfi hvers háskóla. Uppbygging bóka- og upplýsingasafns HR hefur að hluta beinst að aðgangi að rafrænum upplýsingum en sérfræðinganevndin bendir réttilega á að bæta þurfi við bókakost safnsins og þá sérstaklega úrval kennslubóka í þeim greinum sem kenndar eru. Fjárveitingar til bókasafns HR hafa þegar verið auknar verulega, en einnig er vert að benda á að nemendur hafa aðgang að öðrum háskólabókasöfnum á Íslandi og hafa nýtt sér þann aðgang vel.

Háskólinn í Reykjavík er sammála ábendingu nefndarinnar um nauðsyn þess að fjölga prófessorum við skólann. Nýlega samþykkt stefna skólans tryggir að við ráðningar í framtíðinni verði áhersla lögð á ráðningu doktorsmenntaðra sérfræðinga sem hafa hæfileika til rannsókna og kennslu, og að við ráðningu slíkra sérfræðinga verði ávallt leitað eftir starfsmönnum á alþjóðlegum vettvangi. Þetta mun leiða til fjölgunar prófessora, bæði með beinum ráðningum í þær stöður, og með framgangi hæfra lektora og dósenta í prófessorstöður.



Viðauki 2. Athugasemdir við innihald viðurkenningarskýrslu

Með tilvísan í bréf frá Svöfu Gronfeldt rektor HR til Rósu Gunnarsdóttur sérfræðings í menntamálaráðuneytinu dags. 2. ágúst 2007 óskum við eftir því að ensk þýðing á heiti námsbrautar í tæknifræði verði leiðrétt og þýtt sem "Certified Engineering" en ekki "Chartered Engineering" alls staðar þar sem heitið kemur fyrir í umsókninni og skýrslunni. Þessi leiðrétting er til samræmis við þá þýðingu sem notuð er á staðfestum prófskírteinum (Diploma Supplement) og öllu öðru efni frá skólanum sem birt er á ensku. Þetta er einnig í samræmi við þær málvenjur sem skapast hafa hjá Verkfræðingafélagi Íslands (Association of Chartered Engineers in Iceland) og Tæknifræðingafélagi Íslands (Icelandic Society of Engineers).

Í skýrslunni segir að á sviðum eins og tölvunarfræði sé meiri áhersla lögð á verklega þjálfun en á formlega fyrirlestra. Í raun er mun meira jafnvægi er milli fræðilegs og verklegs náms í tölvunarfræði við HR en ætla mætti af skýrslunni. Má nefna að í flestum námskeiðum eru 3 fyrirlestrar og 2 verklegir tímar í hverri viku, þó svo að vissulega sé enn lögð áhersla á verklega þjálfun í forritunarnámskeiðum og í verkefnavinnu.

Í skýrslunni er réttilega bent á að verulega vanti á rannsóknarstofur og aðra rannsóknaraðstöðu við HR. Nefndin bendir einnig á að það verði lagfært með nýrri byggingu skólans. En það er þó ekki alfaríð rétt að engar rannsóknarstofur séu til staðar við HR í dag. Tölvunarfræðin hefur ágætis aðstöðu til rannsóknarvinnu, bæði að því er varðar tækjakost og stofur, og rannsóknarstofa fyrir svefnrannsóknir er í húsnæði skólans við Höfðabakka.